

Föstudaginn 2. maí 1947.

Kærumálið nr. 8/1947. Magnús Thorlacius

gegn

Snæbirni Guðmundssyni.

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Árna Tryggvasonar.

Ágreiningur um þóknun málflutningsmanns.

Dómur hæstaréttar.

Með kæru 12. marz þ. á., sem hingað barst 21. f. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, upp kveðnum á bæjarþingi Reykjavíkur 12. marz þ. á., í máli sóknaraðilja á hendur varnaraðilja. Gerir sóknaraðili þær dómkröfur, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, að því er varðar frávísun kröfu sóknaraðilja til málflutningslauna, og að varnaraðilja verði dæmt að greiða honum kærumálskostnað eftir mati hæstaréttar.

Varnaraðili hefur hvorki sent hæstarétti kröfur né greinargerð í málinu.

Ágreiningur aðilja var borinn undir stjórn Lögmannafélags Íslands, án þess að sóknaraðili væri fyrir hana kvaddur eða honum gefinn kostur á því að lýsa þar horfi sínu til málsins. Voru þegar af þessari ástæðu ekki við höfðum málsins í héraði skilyrði fyrir hendi til að meina sóknaraðilja að leita dómhelgi á kröfu sinni fyrir héraðsdómi.

Samkvæmt þessu ber að fella úrskurðinn úr gildi, að því leyti sem hann er kærður.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að varnaraðili greiði sóknaraðilja kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Dómsorð:

Úrskurður héraðsdómara er úr gildi felldur, að því leyti sem hann er kærður.

Varnaraðili, Snæbjörn Guðmundsson, greiði sóknaraðilja, Magnúsi Thorlacius, kr. 300.00 í kærumálskostnað.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður bæjarþings Reykjavíkur 12. marz 1947.

Mál þetta, sem tekið var til dóms eða úrskurðar 3. þ. m., hefur Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 28. nóv. f. á., gegn Snæbirni Guðmundssyni, bónda að Gjábakka í Þingvallasveit, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 8407.85 með 6% ársvöxtum frá 21. marz 1946 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur *aðallega* krafizt þess, að máli þessu verði vísað frá dómi, en *til vara*, að hann verði sýknaður að svo stöddu. Til *þrautavara* hefur stefndi krafizt lækunar á kröfum stefnanda. Í öllum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómarans.

Munnlegur málflutningur hefur farið fram um frávísunarkröfuna og hefur stefnandi krafizt þess, að henni verði hrundið og stefnda gert að greiða sér málskostnað að mati dómarans í þessum hluta málsins.

Málsatvik eru þau, að á s. l. ári flutti stefnandi af hálfu stefnda fyrir yfirmatsnefnd málið Snæbjörn Guðmundsson gegn þingvallanefnd f. h. ríkissjóðs. Telur stefnandi, að stefndi skuldi sér vegna flutnings máls þessa hina um stefndu fjárhæð, og eru þar í falin bæði útlögð gjöld, kr. 57.85, og málflutningsþóknun, kr. 8350.00. Stefnandi virðist hafa krafið stefnda um greiðslu á skuld þessari í marzmánuði f. á. Þann 23. marz 1946 ritar umboðsmaður stefnda „stjórn Félags hæstaréttarmálaflutningsmanna“ bréf, þar sem hann óskar umsagnar stjórnarinnar um, hvaða þóknun sé sanngjörn fyrir greind störf stefnanda. Stjórn Lögmannafélags Íslands virðist hafa fengið bréf þetta. Þann 1. júlí f. á. ritar stefnandi gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands bréf og óskar þar álits hennar um nefnda málflutningsþóknun. Af bréfi þessu er ljóst, að stefnandi hefur þá kynnt sér áðurgreint bréf umboðsmanns stefnda. Ekki verður séð, að stjórn Lögmannafélags Íslands né gjaldskrárnefnd félagsins hafi nokkuð aðhafzt í málinu fyrr en 14. október s. l., að stjórnin heldur fund. Fund þenna sóttu formaður félagsins, ritari, varaformaður og gjaldskrárnefnd félagsins. Var rætt um áðurgreint bréf umboðsmanns stefnda svo og bréf stefnanda til gjaldskrárnefndar. Stefnandi var ekki staddur á fundi þessum og mun ekki hafa verið þangað boðaður. Þar var eigi heldur umboðsmaður stefnda. Á fundi þessum var, að fengnu samþykki umboðsmanns stefnda, frestað að afgreiða mál þetta af stjórnarinnar hálfu, unz fyrir lægi umsögn gjaldskrárnefndar. — Ekki verður séð, að stjórn né gjaldskrárnefnd Lögmannafélags Íslands hafi síðar neitt gert í máli þessu.

Frávisunarkröfu sína í máli þessu byggir stefndi í fyrsta lagi á því, að samkvæmt ákvæðum 2. málslíðar 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61 frá 1942 um málflytjendur, sbr. 2. mgr. 4. gr. samþykktu Lögmannafélags Íslands, hafi stjórn Lögmannafélags Íslands úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningsstarf, enda sé ágreiningur undir stjórnina borinn. Ágreiningur sá, er hér um ræðir, hafi verið borinn undir stjórn félagsins af umboðsmanni stefnda, og stefnandi hafi leitað álits gjaldskrárnefndar félagsins um deiluatríðið. Telur stefndi, að þar sem leitað hafi verið úrskurðar stjórnar lögmannafélagsins um kröfu stefnanda, eigi hún ein úrskurðarvald um hana, en bæjarþingið geti ekki um hana fjallað, þar sem það sé í þessu tilviki hliðsettur dómstóll, sbr. ákvæði 4 mgr. 8. gr. laganna um málflytjendur. Beri því að visa máli þessu frá bæjarþinginu.

Í öðru lagi virðist stefndi byggja frávisunarkröfu sína á því, að stefnandi hafi bundið sig til að hlíta úrskurði gjaldskrárnefndar Lögmannafélags Íslands um fjárhæð kröfunnar með því að snúa sér til nefndarinnar. Krafan sé því ekki til orðin og beri að visa henni frá dómi samkvæmt 69. gr. laga nr. 85 frá 1936.

Kröfu sína um, að frávisunarkröfu stefnda verði hrundið, byggir stefnandi að þessu leyti á því, að bæjarþingið sé bært að dæma um kröfu þessa, þar sem stjórn Lögmannafélagsins hafi ekki úrskurðað í máli þessu. Hefur stefnandi í því sambandi talið, að ákvarðanir fundar þess, sem haldinn var 14. okt. s. l., séu á engan hátt bindandi fyrir sig, þar sem sér hafi ekki verið gefinn kostur á að mæta þar og skýra málið af sinni hálfu. Kveðst stefnandi ekki hafa fengið vitneskju um fund þenna, fyrr en eftir að stefnan hafði verið gefin út í máli þessu. Þá hefur stefnandi borið bríður á, að greindur stjórnarfundur hafi verið lögmatúr, þar sem einn stjórnarmanna hafi ekki sótt fund, en varaformaður félagsins hafi ekki getað komið í hans stað. Loks hefur stefnandi bent á, að í stefnukröfunni séu talin útlögð gjöld í yfirmatsnefndarmálinu, kr. 57.85, en ekki komi til greina, að stjórn Lögmannafélagsins hafi úrskurðarvald um þá kröfu. Stefnandi kveðst ekki hafa leitað álits um málflytningsþóknun til stjórnar Lögmannafélagsins, heldur til gjaldskrárnefndar þess, samkvæmt heimild í 1. mgr. 11. gr. samþykktu félagsins. Þegar honum barst ekkert svar, hafi hann ekki sinnt því frekar og höfðað því mál þetta.

Í 2. málslíð 1. mgr. 8. gr. laga nr. 61 frá 1942 um málflytjendur segir svo: „Stjórn félagsins hefur úrskurðarvald um endurgjald fyrir málflytningsstarf, ef ágreiningur um það er borinn undir hana.“ Samkvæmt ákvæðum 4. mgr. 8. gr. sömu laga sæta slíkir úrskurðir félagsstjórnarinnar kærú samkvæmt ákvæðum 199. gr. laga nr. 85 frá 1936. Þegar þess er gætt, að umboðsmaður stefnda var ólöglaerður, verður að telja, þrátt fyrir orðalag bréfsins frá

25. marz 1946, að krafa stefnanda um greinda málflutningsþóknun hafi með bréfi þessu verið borin undir stjórn Lögmannafélagsins til úrskurðar. Þar sem krafan hefur þannig verið lögð undir úrskurðarvald félagsstjórnarinnar, verður ekki, samkvæmt nefndu lagaákvæði, um hana dæmt á bæjarþinginu. Ber því að vísa kröfu stefnanda um málflutningsþóknun, kr. 8350.00, frá dómi. Hins vegar verður ekki talið, að stjórn Lögmannafélags Íslands hafi úrskurðarvald um endurgreiðslukröfur vegna útlagðra gjalda við málflutningsstörf. Verður því frávisunarkröfunni hrundið, að því er varðar þann hluta kröfu stefnanda, enda verður ekki séð, að 69. gr. einkamálalaganna komi hér til álita.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna.

Því úrskurðast:

Framangreindri kröfu stefnanda um málflutningsþóknun er vísað frá dómi. Að öðru leyti skal mál þetta dæmt að efni til. Málskostnaður falli niður í þessum hluta málsins.

Mánudaginn 12. maí 1947.

Nr. 16/1946. Réttvísinn (Hrl. Ragnar Ólafsson)

gegn

Kristjáni Friðrik Guðmundssyni

(Hrl. Egill Sigurgeirsson).

Setudómari próf. Ísleifur Árnason og hrl. Sveinbjörn Jónsson í stað hrd. Árna Tryggvasonar og hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Fjársvik.

Dómur hæstaréttar.

Verjandi ákærða hér fyrir dómi hefur nú boðið fram fyrir hönd ákærða kr. 1087.00, þ. e. andvirði tveggja gyltna, kr. 337.00, og hálf andvirði 15 grisa, kr. 750.00, en hinn helm-ingur af andvirði grisanna átti að falla í hlut ákærða samkvæmt samningi hans við Helga og Kristján Zoëga. Þar sem ákærði dró sér andvirði framangreindra dýra, sem hann átti ekki, gerðist hann brotlegur við 247. gr. laga nr. 19/1940, en með hliðsjón af 8. tl. 74. gr. sömu laga þykir